

## 11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast vatnsveitustjóri reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf.

Gjalddagi á föstum vatnsskatti skal vera 1. júní ár hvert, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskatt, sem miðaður er við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húss síns. Vatnsskattinn má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

## 12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944.

## 1. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

### *Vörugjaldskrá.*

1. flokkur. Kol, salt og sement, kr. 15.00 fyrir hverja smálest.
2. — Útlendur áburður, kr. 20.00 fyrir hverja smálest.
3. — Verkaður og óverkaður saltfiskur, 20.00 fyrir hverja smálest.
4. — Nýr fiskur úr bátum, 1½% af aflaverðmæti.
5. — Slægður flatfiskur, fluttur úr höfn, kr. 15.00 fyrir hverja smálest.
6. — Frystur fiskur og fiskimjöl, kr. 25.00 fyrir hverja smálest.
7. — Saltkjöts- og oliutunnur, kr. 4.00 fyrir hverja tunnu.
8. — Tómar tunnur, kr. 1.00 fyrir hverja tunnu.
9. — Kinda- og stórgripakjöt, kr. 25.00 fyrir hverja smálest.
10. — Timbur, kr. 0.50 fyrir hvert teningsfet.
11. — Stórgripir, kr. 10.00 fyrir hvern grip.
12. — Kindur, kr. 5.00 fyrir hverja kind
13. — Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, kr. 2.00 fyrir hver 100 kg.
14. — Ýmsar vörur í stykkjatali, kr. 1.50 fyrir hvert stk.
15. — Olía dæld á tanka, kr. 15.00 fyrir hverja smál.
16. — Lýsistunnur, kr. 3.00 fyrir hverja tunnu.

- 5  
7. jan. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

- 6  
15. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sumarheimilið Litlu-Tjarnir“ í Suður-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1954.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sumarheimilið Litlu-Tjarnir í Suður-Þingeyjarsýslu.

### 1. gr.

Tilgangur hins stofnaða sumarheimilis er og skal vera sá, að halda uppi merki Jesú Krists Drottins vors og frelsara, sem er hin eina leið til himinsins, með lestri Guðs orðs daglega.

### 2. gr.

Vér undirritaðir stofnendur og núverandi stjórnendur sumarheimilisins Litlu-Tjarnir, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, gerum hér með kunnugt, að sumarheimili þetta, sem stofnað var með samskotum trúaðra vina þann 11. marz 1948, er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru: Jörðin Litlu-Tjarnir í Ljósavatnsskarði með steinsteyptu íbúðarhúsi, gripahúsum, enn fremur innanstokksmunir og búsaðhöld. Heimilisfang stofnunarinnar er að Litlu-Tjörnum.

Heimilið er rekið með það fyrir augum, að taka á móti dvalargestum um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur börnum eða fullorðnum, en hingað til hefur það verið rekið sem barnaheimili að sumrinu.

### 3. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi heimilið eða eignir þess, fastar eða lausar, nema andvirðinu sé beinlínis varið til þess að halda slíku heimili áfram á öðrum stað.

### 4. gr.

Stjórn heimilisins skipa nú 5 undirritaðar konur, og skal hún jafnan skipuð 5 trúuðum konum eða mönnum. Heimilt er stjórninni að kveðja sér til aðstoðar 2 eða 3 varamenn og fela þeim hlütdeild í stjórnarstörfum eftir því sem þörf krefur. Verði sæti nefndarmanns autt vegna þess að hann óski að ganga úr stjórninni, eða vegna brottflutnings eða dauða, fyllir nefndin sjálf skarðið með því að setja til bráðabirgðar eða skipa til fulls mann í sæti það, sem laust hefur orðið.